



Fjölbrautaskóli Suðurlands

LESTUR OG RITUN

ÍSLE1LR05

Kennsluáætlun – haustönn 2015

Kennarar áfangans:

Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir (GDS)

Katrín Tryggvadóttir (KT)

Áfangalýsing:

Lestur og ritun er grunnáfangi í íslensku á 1. þrepi. Áfanginn er lokaprófslaus en símat er alla önnina í formi verkefna og prófa. Áhersla er lögð á sjálfstæð, vönduð og skipuleg vinnubrögð sem nýtast munu í öllu almennu námi. Í áfanganum þjálfast nemendur í lestri, málskilningi og auka orðaforða sinn. Þeir þjálfast í beita tungumálinu með því að fjalla um bókmenntir og mynda sér skoðanir sem þeir tjá bæði í ræðu og riti. Nemendur læra að vinna ritanir frá hugmynd til texta, á góðu máli og vel upp byggðar.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunnhugtökum í ritgerðasmíð,
- helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli
- mismunandi lestraraðferðum
- nokkrum tegundum bókmennta og nytjatexta
- helstu hugtökum sem nýtast við umfjöllun um bókmenntir

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa ýmsar tegundir nytjatexta í samfelldu máli þar sem framsetning er skýr og skipulögð
- nota leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn til að lagfæra eigin texta
- nýta algengustu hugtök í málfræði til að bæta eigin málfærni
- beita mismunandi blæbrigðum og málsniði í tal- og ritmáli
- taka saman og flytja stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðu efni
- lesa sér til gagns og gamans texta sem gera nokkrar kröfur til lesenda
- skilja algengt líkingamál og orðatiltæki

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- semja stutta texta af ýmsu tagi með viðeigandi málfari
- beita einföldum blæbrigðum í málnotkun til að forðast einhæfni og endurtekningar
- halda uppi samræðum og rökstyðja eigin fullyrðingar, ákvarðanir eða skoðanir á málefnalegan hátt
- túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar textum
- sýna þroskaða siðferðisvitund og víðsýni í málflutningi sínum, umfjöllunum og verkum

Kennslubækur og kennslugögn

- Elísabet Jökulsdóttir: Galdrabók Ellu Stínu
- Uppspuni, nýjar íslenskar smásögur í útgáfu Rúnars Helga Vignissonar.
- Kjörbók (valin af kjörbókalista).

Kröfur og verkefnaskil

- Áfanginn er próflaus og ætlast er til að nemendur undirbúi sig mjög vel fyrir tímuna með lestri og þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi; verkefnum, undirbúningi og upprifjun. Mæti nemandi ekki í tíma af einhverjum ástæðum eykst heimanámið sem þeim tíma nemur.
- Geti nemendur ekki einhverra hluta vegna mætt í kennslustund bera þeir sjálfir ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt á Moodle en einnig er hægt að hafa samband við kennara.
- Allir nemendur eru skráðir í Moodlekennslumsjónarkerfið og þurfa að hafa aðgang að tölvu.
- Öllum verkefnum/áfangaprófum skal skila á tilsettum tíma, tölvuunnum sé farið fram á það. Dragist skil getur nemandi ekki gengið að því sem vísu að verkefnin verði metin til einkunnar.
- Nemandi sem ekki skilar verkefni eða mætir ekki í próf fær einkunnina núll. Einungis þeir sem tilkynna veikindi á skrifstofu eða hafa leyfi frá skólanum fá að taka sjúkrapróf.
- Nemandi sem missir af prófi eða verkefni vegna veikinda ber sjálfur ábyrgð á því að óska eftir sjúkraprófi og skal bera upp þá ósk upp um leið og mætt er á ný.
- Nemendur sem ekki sinna námi vegna bókaletis eða símanotkunar verður vísað úr tíma og fjarvist skráð.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt og ekki skila inn verkefnum sem koma frá öðrum. Verði nemandi uppvís að slíku fær hann verkefni sitt ekki metið til einkunnar. Sama gildir um þann nemanda sem lætur öðru verkefni í té.

Vægi námsþátta í vetrareinkunn

- Hugleiðingar 15%
- Stafsetning 10%
- Smásögur 15%
- Heimildaverkefni 5%
- Kjörbókarritgerð 15%
- Ljóð 10%
- Ferlisritun 15%
- Ritun 5%
- Framsögn 5%
- Virkni í tímum 5%

Áætlun um kennslu og yfirferð á önninni (sjá nánari skilgreiningu á Moodle)

Vika	Viðfangsefni	Helstu verkefni og próf í símati
19.-21. ágúst	Kynning á áfanga: Kjörbók, annað námsefni, hugleiðingabók, ýmis verkefni og vinnubrögð áfangans.	Hugleiðingar í hugleiðingabók.
24.-28. ágúst	Einnar efnisgreinar ritun. Stafsetning, stór og lítill stafur.	Hugleiðing Kynning á samnemanda. Stafsetningarpróf (2%)
31. ágúst – 4. september	Bókmenntir og bókmenntahugtök: Sjónarhorn og frásagnarháttur	Bókmenntaverkefni (hluti af 9%) Kjörbókvarða Bókmenntapróf (3%) Hugleiðingar
7. – 11. september	Bókmenntir og bókmenntahugtök: Tími, umhverfi og boðskapur	Bókmenntaverkefni (hluti af 9%) Kjörbókvarða.

		Hugleiðingar
14. – 18. september	Heimildavinna Stafsetning, n/nn reglur	Heimildaverkefni, munnlegt Hugleiðingar Stafsetningarverkefni
21. – 25. september	Bókmenntir og bókmenntahugtök: Persónur Ritun með sögufyrirmælum	Bókmenntapróf (3%) bókmenntaverkefni (hluti af 9%) Hugleiðingar Smellusaga
28. september – 2. október	Ritun örsögu Undirbúningur kjörbókarritgerðar	Hugleiðingar Örsaga Kjörbókarritgerð (15%)
5. – 9. Október MIDANNAMAT	Ljóð og bragfræði Stafsetning, -an reglan í fn. og lo.	Hugleiðingar Stafsetningarverkefni Ljóðaverkefni
12. – 15. Október Hautfrí 16.-19.okt.	Ljóð og bragfræði Myndmál	Hugleiðingar Ljóðaverkefni og myndmálsverkefni
20. – 23. október	Ljóð og myndmál	Ljóðaverkefni
26. -30. október	Bókmenntir og bókmenntahugtök: Bygging smásögu Stafsetning, y-reglur	Ljóðapróf (10%) Hugleiðingar Stafsetningarverkefni Bókmenntaverkefni (hluti af 9%)
2. – 6. nóvember	Bókmenntir og bókmenntahugtök: Bygging smásögu (framhald) Ferlisritun	Hugleiðingar Ferlisritun smásögu
9. – 13. nóvember	Ferlisritun	Hugleiðing, valin er ein og fullunnin. Skil á ferlisritun (15%)
16. – 20. nóvember	Ritun, Flugusaga og ég saga (sjónarhornssögur) Stafsetning, eitt og annað	Skil á fullunninni hugleiðingu (5%) Skil á hugleiðingabók (10%) Stafsetningarpróf (8%)
23. – 27. nóvember	Framsögn: kynning á örsögu, ljóð o.fl. Ritun, örsaga	Framsögn
30. nóvember – 4. desember	Lokavinna.	

Kjörbækur

- Alvtegen, Karin: *Týnd*
- Ammaniti, Niccoló: *Ég er ekki hræddur*
- Auður Jónsdóttir: *Vetrarsól*
- Auður Ólafsdóttir: *Afleggjarinn*
- Árni Þórarinsson og Páll Kr. Pálsson: *Í upphafi var morðið*
- Bergsveinn Birgisson: *Svar við bréfi Helgu*
- *Blundell, Judy: *Það sem ég sá og hvernig ég laug*
- *Cardella, Lara: *Ég vildi ganga í buxum*
- *Christensen, Lars Saabye: *Hermann*
- Coelho, Paulo: *Alkemistinn*
- Einar Már Guðmundsson: *Þítlaávarpið*
- Einar Már Guðmundsson: *Riddarara hringstigans*
- *Feuquier-Boulanger, Aline: *Hjartað sem slær í brjósti mér er ekki mitt*
- *Friðrik Erlingsson: *Bróðir Lúsífer*
- García Márquez, Gabriel: *Minningar um döpru hórurnar mínar*
- Gyrðir Elíasson: *Sandárbókin*
- Guðrún Helgadóttir: *Oddaflug*
- Guðrún Eva Mínervudóttir: *Albúm, skáldsaga*
- Guðrún Eva Mínervudóttir: *Skaparinn*

- *Hildur Knútsdóttir: *Sláttur*
- Jón Kalman Stefánsson: *Ýmislegt um risafurur og tímamann*
- *Kaminer, Wladimir: *Plötusnúður rauða hersins*
- Kanenhara, Hitomi: *Snákar og eyrnalokkar*
- Kristin Marja Baldursdóttir: *Karlsvagninn*
- Kuegler, Sabine: *Frumskógarstelpa*
- Lindquist, Håkon: *Bróðir minn og bróðir hans*
- McEwan, Ian: *Brúðkaupsnóttin*
- Paasilinna, Arto: *Dýrðilegt fjöldasjálfsmorð*
- Pearson, Allison: *Móðir í hjáverkum*
- Rankin, Ian: *Refskák*
- *Stella Blómkvist: *Morðið í Drekkingsarhyl*
- *Stella Blómkvist: *Morðið í Rockville*
- Stella Blómkvist: *Morðið á Bessastöðum*
- Yrsa Sigurðardóttir: *Auðnin*
- Vilborg Davíðsdóttir: *Hrafninn*
- Viktor Arnar Ingólfsson: *Sólstjakar*
- Walls, Jeanette: *Glerkastalinn*
- Þórarinn Leifsson: *Götumálarinn*

Gert með fyrirvara um breytingar, F.Su., 11. maí 2015.

Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir guðbjorgdora@gmail.com

Katrín Tryggvadóttir katrintryggva@gmail.com